

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2000

### **Efni: Frumvarp til laga um þjónustukaup 111. mál.**

Þar sem Samtök iðnaðarins áttu tvo fulltrúa í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið telja þau ekki ástæðu til mikilla athugasemda en þó rétt að benda á nokkur atriði sem má lagfæra. Jafnframt hafa SI áður sent inn umsagnir um sama frumvarp og er vísað til þeirra.

#### **Athugasemdir:**

Hugsanlegt er að setja inn skilgreiningu á seljanda þjónustu í 1. gr. svo unnt sé að nota styttri útgáfu í frumvarpinu, þ.e. að ekki þurfi að rita seljandi þjónustu í sífellu.

Varðandi 6. og 7. gr. frumvarpsins er það að segja að auðvelt er að ruglast í ríminu við lestur þeirra greina. Að mati SI er verið að leggja of þungar byrðar á hendur seljanda þjónustu um hvað hann má vita og ætla að neytandi viti eða geri ráð fyrir. Jafnframt er tilvísun 7. gr. frv. til 6. gr. óskýr og gætu þessi ákvæði valdið nokkrum vandræðum í framkvæmd.

Varðandi 17. gr. frumvarpsins er rétt að fram komi að SI telja til bóta að inn í þessa grein hafi verið sett ákvæði um hámarksfrest til kvörtunar af hálfu neytanda vegna galla. Í núgildandi kaupalögum er talað um eitt ár. SI er kunnugt um að í frumvarpi að kaupalögum er miðað við tveggja ára frest líkt og í þessu frumvarpi. Skoðun SI er sú að í þessari grein skuli miðað við sama tíma. Verður mjög að gæta þess við meðferð þessa frumvarps á þingi að ekki stangist á reglur um hámarkstíma kvörtunar vegna galla í lögum um þjónustukaup annars vegar og hins vegar reglur í lögum um lausafjárkaup.

Rétt er að setja inn nýja málsgrein í 21. gr. sem segir að ef greiðslur frá kaupanda dragist umfram þann tíma sem samið var um geti seljandi rift samningnum að uppfylltum sambærilegum skilyrðum og getið er um í greininni varðandi neytanda. Væri þar með meira jafnræðis gætt milli seljanda þjónustu og neytanda varðandi úrræði vegna verulegra vanefnda.

Að öðru leyti telja SI að þetta frumvarp geti ef það verður að lögum leyst úr mörgum álitafnum í samskiptum neytanda og seljenda þjónustu og þar með sparað miklar



fjárhæðir. Meginefni frumvarpsins er að lögfesta betur samskipti þessara aðila og að betur sé gengið frá öllum hnútum áður en hafist er handa við verk. En eins og flestir vita er allt of algengt að ekki séu gerðir formlegir eða skriflegir samningar um verk.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka iðnaðarins,

Ólafur Helgi Arnason  
Ólafur Helgi Arnason  
héraðsdómslögmaður